

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
[nefundasvid@althingi.is](mailto:nefundasvid@althingi.is)



Reykjavík, 18. nóvember 2010

## UMSÖGN Hagsmunasamtaka heimilanna (HH)

*Þskj. 168 – 152. mál. Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 101/2010, um greiðsluaðlögun einstaklinga, lögum nr. 21/1991, um gjaldprotaskipti o.fl., og lögum nr. 24/2010, um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri*

### Almennt:

Hagsmunasamtök Heimilanna (HH) fagna ofangreindum breytingum frumvarps, sem samtökin telja þarfar breytingar á núverandi lögum. HH benda á mikilvægi þess að **endurhæfa** einstaklinga er lenda í greiðsluerfiðleikum aftur í samfélagið að nýju, eins að tryggja eftirlit með framfylgni laga þessara. Hingað til hefur loðið við að einstaklingar í greiðsluerfiðleikum séu oft stimplaðir og meðhöndlaðir í samfélaginu með lakari hætti en refsí fangi er sviptir eða skaðar líf og/eða sál. Hefur það sýnt sig að viðurlög við greiðsluþrot og erfiðleika sé með því hæsta er gerist í íslenskum lögum. Það er samfélaginu til hagsbóta að **endurhæfa** einstaklinga til fullrar og virkrar samfélagsþátttöku á sem skemmstum tíma. Ekki er síður mikilvægt að viðhalda heilbrigðu fjármálakerfi, sem tekur ábyrgar og upplýstar ákvarðanir.

### Nánari umfjöllun

**Um 1. Kafla Breytingar á lögum nr. 101/2010, um greiðsluaðlögun einstaklinga**

#### **Um 1. gr. breytingafrumvarps**

Búseta á Íslandi í þrjú ár samfleytt. Vandséð er hver tilgangurinn er með þessu ákvæði. Væntanlega einungis til þess að þrengja eða takmarka þann fjölda fólks sem á rétt á þessu úrræði.

#### **Um 2. gr. breytingafrumvarps**

Í þessari grein breytinga frumvarpsins er tekið á afborgunum og vöxtum að verðbótum undanskildum. HH benda einnig á mikilvægi þess að verðbætur falli niður að fullu á greiðsluaðlögunartíma sem og annar áfallinn innheimtukostnaður, sé staða námslána LÍN komin í hvers konar innhelmtuferli fyrir umsóknartíma. Þegar aðili hefur lokið greiðsluaðlögunartíma þá séu þessi lánveitingar LÍN færð í skil. Þessi aðgerð er til þess fallin að hvetja aðila til þess að ljúka við greiðsluaðlögunarsamning.

LÍN veitir framfærslulán og skólagjaldalán. Sum skólagjaldalán eru veitt á markaðsvöxtum og eiga í raun fátt sameiginlegt með eiginlegum námslánum. Eðlilegt er að aðgreina markaðskjaralán frá hefðbundnum námslánum. Slík markaðskjaralán ættu ekki að vera undanskilin greiðsluaðlögun með sama hætti og hefðbundin námslán frá LÍN.

Megin tilgangur ofangreinds er að gengið sé frá málum með endanlegum hætti með greiðsluaðlögunarsamningum. Þar með er komið í veg fyrir að mál taki sig upp að nýju í lok tímabils og valdi nýjum greiðsluerfiðleikum.

#### **Um 3. Gr. Breytingafrumvarps. Breytingar á e-lið 1. Mgr. 6. Gr laganna.**

Rétt þykir að aðili sem hefur verð tekinn til gjaldprotaskipta megi ljúka skiptum með nauðasamningi greiðsluaðlögunar. Slíkt ákvæði var í gildi um tíma í eldri útgáfu greiðsluaðlögunarlaga (liður (i) í 63. gr. gjaldprotalaga) og þykja HH súrt að það gildi ekki lengur. Fjöldi aðila var kominn í gjaldþrotaferli fyrir tíð þessara laga, sem annars hefðu getað lokið sínum málum á farsælli hátt fyrir alla aðila með tilkomu þessara laga.

#### **Um 4 gr. breytingafrumvarps**

Dæmi eru um einstaklinga sem hafa gert nauðasamninga til greiðsluaðlögunar um samningskuldir sínar, en hafi í framhaldi misst fasteign sína á nauðungarsölu. Eða þá að skipaður umsjónarmaður hafi ekki tekið tillit til þess að skuldir vegna fasteignar muni falla á viðkomandi. Hafi einstaklingur hins vegar gert nauðasamning til greiðsluaðlögunar, sem hann er ánægður með, er erfitt og beinlínis ósanngjarnt að ógilda þann samning sjálfkrafa þó svo að einstaklingurinn þurfi á greiðsluaðlögun að halda varðandi aðrar skuldir. Hafa verður í huga að ferlið sem einstaklingar hafa nú þegar þurft að fara í gegnum var bæði tímafrekt (allt að ár), flókið og í sumum tilfellum kostnaðarsamt. Að leggja það á einstakling að ógilda allt það ferli sjálfkrafa vegna vankanta sem kunna að hafa verið á fyrri lagasetningu eða framkvæmd hennar er ekki á neinn mann leggjandi, það má ekki gleyma að þessi sami einstaklingur er búinn að ganga í gegnum alla tilfinningarflórana í því ferli sem búið er og óþarfi að leggja meira á hann en nauðsynlegt er. Slíkt er mjög auðmýkjandi. Enn og aftur viljum við minna á að þetta eru ekki glæpamenn sem lenda í greiðsluferfiðleikum, heldur venjulegt fólk eins og ég og þú.

#### **Um 5. Gr. breytingafrumvarps**

Skráning á vanskilaskrá Lánstraust telst eða á að teljast innheimtuaðgerð í skilningi 11. greinar laga um greiðsluaðlögun einstaklinga, nr. 101/2010.

Gera þarf sérstaklega ríkar kröfur til þeirra sem starfa við greiðsluaðlögun. Bæði þeirra sem afgreiða og meta umsóknir hjá Umboðsmanni Skuldara og svo þeirra lögmanna sem verða skipaðir umsjónarmenn. Til þeirra, sem til slíkra ráðgjafastarfa veljast, þarf bæði að gera kröfu um fjármálalega og lagalega menntun, hæfni í mannlegum samskiptum og ekki síður ákveðna lífsreynslu á sviði fjármálagerninga.

Dæmi eru um að eftir gamla kerfinu hafi einstaklingar með litla starfs og lífsreynslu verið settir í þá stöðu að meta fjárhagslegar ákvarðanir skuldara. Jafnvel einstaklingar sem aldrei höfðu sjálfir tekið lán voru settir í þessa stöðu. Það er alger ógerningur fyrir slíkan einstakling að geta sett sig í stöðu skuldara. Það sama á við um embætti Umboðsmanns Skuldara og þá umsjónarmenn sem hann velur. Í þessu samhengi er rétt að vekja athygli á því að „yfirlögfræðingur“ hjá embætti Umboðsmanns skuldara er einungis 25 eða 26 ára gamall einstaklingur. HH gera engar athugasemdir við yfirlögfræðinginn eða hæfi hans sem slíks. Heldur er einungis vakin athygli á því að almennt séð er ólíklegt að 25 ára gamall einstaklingur hafi þá lífsreynslu að geta sett sig í spor skuldara og metið fjárhagslegar ákvarðanir hans.

Í lögum um greiðsluaðlögun vantar einnig tiltakanlega ákvæði sem tekur með beinum hætti á því að hér ríkti um skeið mikið góðæri. Þ.e.a.s. að það verði lögbundið að mat þeirra sem koma að greiðsluaðlögunarmáli einstaklinga taki mið af því ástandi sem hér ríkti á hinum svokölluðu „góðærisárum“ 2004-2007/8.

#### **Um 6. gr. breytingafrumvarps**

Engar athugasemdir.

#### **Um 7. gr. breytingafrumvarps**

Engar athugasemdir.

#### **Um 8. Gr. breytingafrumvarps**

Þinglýstar merkingar eins og um er getið í þessari grein, og allar merkingar sem koma fram í viðskiptaskrá einstaklings í opinberum skrá, sem og hjá kröfuhafa, hafa geigvænlega þýðingu og eru hamlandi fyrir viðskipti einstaklingsins, enda til þess fallnar. Hins vegar ítreka HH mikilvægi refsíákvæða/skaðabótaákvæða á hendur kröfuhöfum ef því sé ekki sinnt að fjarlægja slíkar merkingar að loknu tímabili. Enn og aftur benda HH á **endurhæfingu** einstaklings sem lendir í greiðsluferfiðleikum og réttindum hans gagnvart slíkum athæfum. Hingað til hafa réttindin ekki legið skuldara megin er kemur að slíkum merkingum og kröfuhafar hafa ítrekað brotið á skuldurum án nokkurra eftirmála, en með geigvænlegum afleiðingum fyrir einstaklinginn sem um ræðir. Því er mikilvægt að strangt eftirlit sé með þessum merkingum og skaðabótaskyldu kröfuhafa/umboðsmanns sé því ekki sinnt að fjarlægja merkingar.

HH veita því einnig eftirtekt að lögín taka ekki á meðhöndlun merkinga í bókum og viðskiptaskráum kröfuhafa um tiltekin einstakling. En mikilvægt er að eftirlit sé með þessum merkingum til þess að koma í veg fyrir að afleiðingar vegna greiðsluaðlögunar samninga nái ekki út fyrir þann tímaramma sem settur er samkvæmt lögum þessum.

Eðlilegt þykir að Umboðsmaður Skuldara fylgi eftir að öllum merkingum sé afmáð úr bókum kröfuhafa og úr opinberum skráum við lok greiðsluaðlögunartímabils, eða ef skuldari dregur umsókn tilbaka. Þegar greiðsluaðlögunartímabili er lokið eða skuldari dregið hana til baka þá **skal** Umboðsmaður Skuldara óska eftir aflýsingu athugasemdar einnig úr bókum Kröfuhafa. Farið er fram á að Umboðsmaður Skuldari fari með eftirlit að þessu sé framfylgt. Ofangreint er til þess fallið að koma í veg fyrir að slóðir skulda vegna greiðsluerfiðleika elti viðkomandi um aldur og ævi á einn eða neinn hátt og komi þannig í veg fyrir endurhæfingu einstaklingsins inn í samfélagið aftur.

#### **Um 9. gr. breytingafrumvarps**

Engar athugasemdir.

#### **II. KAFLI Breyting á lögum nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., með síðari breytingum.**

##### **Um 10. gr. breytingafrumvarps**

Vísað í athugasemdir 2. gr. breytingafrumvarps þessa.

#### **III. KAFLI Breyting á lögum nr. 24/2010, um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri.**

##### **Um 11. gr. breytingafrumvarps**

Engar athugasemdir.

#### **Alvarleg athugasemd HH við lög nr. 101/2010, um greiðsluaðlögun einstaklinga sem ekki er tekið á í breytingafrumvarpi þessu.**

Til viðbótar vilja HH benda á alvarlega vankanta við 2. mgr., 6. gr, liðir a, b, c laga þar sem ábyrgð lánveitanda er gerð að engu. Hér er verið að fyrra lánveitanda ábyrgð á því að fara út í lánveitingu til aðila sem standast ekki greiðslumat og hér með þeim aðilum svipt tækifærið á samningi um greiðsluaðlögun. Þetta ýtir undir óábyrgar lánveitingar og óparfa áhættusækni lánveitanda. HH benda á að lánveitingar eru viðskiptasamband á ábyrgð lántaka og lánveitanda, þar sem báðir bera ábyrgð á sínum hluta samnings. Í lánaumsóknarferli er gert greiðslumat á aðilum í þeim tilgangi að tekin sé ábyrg og upplýst ákvörðun. Furðu vekur ef lánveitendur horfa fram hjá þessu og stuðla að lánveitingum þrátt fyrir að greiðslugeta sé ekki til staðar. Í því ljósi þykir með öllu óeðlilegt að skuldari taki einn ábyrgð á slíkum lánveitingum þegar ljóst þótti að lánveitandi tók á eigin ábyrgð ákvörðun um slíka samninga þrátt fyrir bersýnilega greiðslugetu viðkomandi. Undirstrika verður ábyrgð lánveitanda við útlán frekar enn að draga úr henni.

#### **Almennt til viðbótar og umhugsunar**

##### **Ábyrgð kröfuhafa og umsjónarmanns.**

Í gamla kerfinu var engin leið fyrir umsjónarmann til þess að taka afstöðu til krafna. Þ.e.a.s. hvorki fjárhæð þeirra né réttmætis. Umsjónarmaður á og ætti ekki að þurfa að taka afstöðu til ágreiningsmála. En kröfuhafar hafa nýtt tækifærið og hækkað kröfur sínar umtalsvert án sérstaks rökstuðnings, vitandi það að umsjónarmaður hafði engin verkfæri til þess að taka á slíku. Í einu dæmi hækkuðu kröfur tveggja fjármálafyrirtækja á hendur einstaklingi um 5 milljónir á milli júlí 2010 og ágúst 2010. Í þessu dæmi óskaði héraðsdómur eftir nýrri tölum um skuldastöðu skuldara. Skuldari fékk nýjustu tölurnar frá kröfuhöfum í júlímánuði 2010. Þessi r sömu kröfuhafar gerðu svo kröfulýsingu í nauðasamninginn sem var 5 milljónum hærri en uppgefin staða frá þeim sjálfum var mánuði fyrr. Þessi munur skýrðist ekki eingöngu af hærri vöxtum og kostnaði, heldur var höfuðstóll skuldanna nú sagður vera annar og hærri en áður var upplýst. Auk þessa lögðust þessir kröfuhafar eindregið gegn því að nauðasamningur kæmist á. Í þessu tilfelli var um að ræða einstakling sem hafði

verið úrskurðaður gjaldþrota árið 2007. Umsjónarmaður verður að geta tekið ákvörðun um fjárhæð slíkra krafna með afdráttarlausum hætti.

**Val á umsjónarmönnum og hagsmunatengsl.**

Í eldra kerfinu voru nokkur dæmi um það að skipaður umsjónarmaður var „starfsmaður“ innheimtufyrirtækja svo sem Intrum/Pacta/Lögheimtunnar. Skipaður umsjónarmaður í þeirri stöðu þurfti jafnvel að taka afstöðu til nauðasamnings sem varðaði kröfur sem voru í innheimtu hjá þessum sömu fyrirtækjum. Slíkt býður hættunni einfaldlega heim og verður að taka á því með beinum hætti í löggjöf um greiðsluaðlögun einstaklinga og tryggja þar með að slíkir hagsmunaárekstrar eigi sér ekki stað.

Dæmi: Hjón með stóra fjölskyldu leituðu eftir því að gera nauðasamning til greiðsluaðlögunar. Þau fengu heimild hjá héraðsdómi og var skipaður umsjónarmaður sem starfaði einmitt hjá Lögheimtunni, og hafnaði hann því að þau fengu að gera nauðasamning á þeim forsendum að þau gætu ekki staðið við samninginn, sagði að þau hefðu enga greiðslugetu. Meðal kröfuhafa í þessu tilfelli var NBI hf., með kröfur sem voru í innheimtuferli hjá Lögheimtunni.

**Hugleyðing um endurhæfingu einstaklinga í greiðsluerfiðleikm/greiðsluþroti.**

HH hafa ítrekað bent á að gjaldþrot og greiðsluaðlögun eigi að vera endurhæfing einstaklings inn í samfélagið aftur. Í því samhengi er nauðsynlegt að ákveða í hverju þessi endurhæfing sé fólgin. Gagnrýnt hefur verið lítið fjármálalæsi einstaklinga í samfélaginu. Eina kennslan í fjármálalæsi í dag er á vegum bankanna sem eru að jafnaði kröfuhafar einstaklinga og hafa hagsmuni að gæta. Þetta þykja HH einkennilegt þar sem trúverðugleikinn er brostinn. Ef skylduð er menntun í fjármálalæsi fyrir aðila er ganga í gegnum greiðsluaðlögun, fjárnám og/eða gjaldþrot þá þarf slík menntun að eiga sér stað í gegnum menntakerfið (t.d. á vegum Endurmenntunar Háskólans eða fjölbrautaskóla). Slík skylduð endurmenntun mun skila sér í upplýstara samfélagi sem og betri lántakendum. Þar sem mismunandi aðstæður skapa greiðsluerfiðleika má hugsa sér að ef greiðsluerfiðleikarnir séu tilkomnir vegna veikinda eða slysa og hægt sé að sýna fram á slíkt með óyggjandi hætti þá séu slíkir einstaklingar undanþegnir ofangreindri menntun af augljósum ástæðum.

Virðingarfyllst,

f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna / [www.heimilin.is](http://www.heimilin.is)



Friðrik Ó. Friðriksson, formaður

Vilhjálmur Bjarnason, meðstjórnandi